

8. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.

Haldinn þriðjudaginn 22. október kl.17:00 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps

Mætt: Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason

Einnig sat fundinn Jón Valgeirsson sveitarstjóri.

Dagskrá:

- 1. Fjárhagsáætlun 2019.**
- 2. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs.**
- 3. Fjárhagsáætlun vegna fráveitumála.**
- 4. Gjaldskrá vegna móttöku og meðhöndlun seyru.**
- 5. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.**
- 6. Ársfundur Umhverfisstofnunar.**

1. Fjárhagsáætlun 2019.

Jón kynnti málið og fór yfir helstu forsendurnar.

Eyðing sorps hefur hækkað mikið og stendur alls ekki undir sér. Spilar þar mest útflutningur á sorpinu og aukning sorps. Aðrir þættir eru að mestu leiti á pari og standa ágætlega.

Í áætlun er gert ráð fyrir nýjum starfsmanni umhverfismála sem sjá á um gámasvæðið en einnig að miðla og fræða fólk almennt um umhverfismál og er þegar búið að auglýsa eftir slíkum starfsmanni og fagnar nefndin því. Gert er ennþá ráð fyrir fjármunum til að halda áfram viðhaldi umhverfisins til að halda ásýnds hreppsins í góðu lagi.

2. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs

Jón kynnti hugsanlega gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs. Gert er ráð fyrir að hafa eitt gjald fyrir allar tonnur sem yrði 41.000 kr. á íbúðarhús. Sorpeyðingagjöld og aukasorpgjöld myndu hækka um 15%. Gert er ráð fyrir mikilli hækkun vegna þess að málaflokkurinn stendur alls ekki undir sér. Leiga sorpílata hækkar um 2,5% í takti við lífskjarasamninga. Umhverfisnefnd samþykkir gjaldskrána samhljóða en bendir á að huga þarf að því fyrir næstu gjaldskrá að hafa hvata í gjaldskránni til bæta flokkun.

3. Fjárhagsáætlun vegna fráveitumála.

Jón kynnti helstu tölur er varða fráveitumál og rekstur hans.

4. Gjaldskrá vegna móttöku og meðhöndlun seyru.

Jón kynnti hugmynd að gjaldskrá. Almennt er ekki gert ráð fyrir miklum hækkunum í þeim flokki og leggur nefndin til að hækkanir fari ekki yfir 2,5% markið.

5. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

Umhverfisráðuneytið er búið samþykkja nýja samþykkt Hrunamannahrepps og er þar með komin flokkunarskylda á alla. Fagnar nefndin því að slíkt ákvæði skuli vera komið fram.

6. Ársfundur Umhverfisstofnunar.

Verður haldinn á Egilsstöðum 14. nóvember. Dagskrá liggur ekki fyrir en sami fundur var haldinn hér í sveit á síðasta ári.

Fundi slitið 18:10